



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 42/2015

**Ákvörðun um sektir vegna vanrækslu Lyfja og heilsu hf.,
á að fara að fyrirmælum Neytendastofu um verðmerkingar**

I.

Málsmeðferð

1.

Hinn 16. júní 2015 kom starfsmaður Neytendastofu í apótek Lyfja og heilsu hf. í Hveragerði, Apótekarann, í þeim tilgangi að skoða ástand verðmerkinga í apótekinu. Þá kom starfsmaður Neytendastofu í apótek Lyfja og heilsu á Hellu, Apótekarann, þann 7. júlí 2015 í sama tilgangi. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveður á um það að fyrirtækjum sem selja vöru og þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum skal verðmerking vera skýr, aðgengileg og greinileg svo augljóst sé til hvaða vöru hún vísar. Skoðunin fer þannig fram að starfsmaður Neytendastofu kannar almennt ástand verðmerkinga, þ.e. hvort söluvörur séu verðmerktar og hvort hilluverðmerking sé í samræmi við verð á kassa. Einnig er ástand verðmerkinga á bak við afgreiðsluborð skoðað.

Niðurstöður skoðunarinnar voru þær að í báðum apótekunum voru gerðar athugasemdir við ástand verðmerkinga. Í Apótekanum í Hveragerði vantaði verðmerkingar víða um alla verslunina. Þá voru á Hellu gerðar sérstakar athugasemdir við að snyrtivörustandar væru óverðmerktir, vörur einungis merktar með afslætti en ekki upprunalegu verði og víða vantaði verðmerkingar í versluninni. Í apótekunum voru engar athugasemdir gerðar við ástand verðmerkinga bak við afgreiðsluborð.

Starfsmenn apótekanna kvittuðu fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru. Í lok skoðananna skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf í versluninni þess efnis að skoðunin hefði farið fram og að Neytendastofa kæmi til með að senda fyrirtækinu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga. Í bréfinu var jafnframt gerð grein fyrir þeim helstu ákvæðum laga og reglna sem um verðmerkingar gilda.



Með bréfum Neytendastofu til Lyfja og heilsu, dags. 26. júní og 9. júlí 2015, greindi stofnunin frá niðurstöðum skoðananna í Apótekaranum í Hveragerði og á Hellu og gerði grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu fyrir mælum beint til fyrirtækisins að koma verðmerkingum í viðunandi horf.

2.

Hinn 16. júlí 2015 var framkvæmd önnur skoðun hjá Apótekaranum í Hveragerði sem fram fór með sama hætti og fyrri skoðun. Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að ástand verðmerkinga í apótekinu var ábótavant. Hinn 7. júlí kannaði starfsmaður Neytendastofu á ný ástand verðmerkinga hjá Apótekaranum á Hellu. Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að ástand verðmerkinga í apótekinu var ábótavant. Engar athugasemdir voru gerðar við ástand verðmerkinga bak við afgreiðsluborð í apótekunum.

Með bréfi Neytendastofu til Lyfja og heilsu, dags. 11. ágúst 2015, greindi stofnunin fyrirtækinu frá niðurstöðum skoðunarinnar í Apótekaranum í Hveragerði. Með bréfi Neytendastofu til Lyfja og heilsu, dags. 7. september 2015, greindi stofnunin fyrirtækinu frá niðurstöðum skoðunarinnar í Apótekaranum á Hellu. Í bréfinu var einnig greint frá því að Neytendastofa hafi tekið ákvörðun um að sameina málsmeðferð í ljósi tengsla málanna. Var fyrirtækinu gefinn kostur á að koma að skýringum og athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Engar athugasemdir bárust Neytendastofu.

II.

Niðurstaða

Í máli þessu hefur Lyf og heilsa hf. ekki sinnt fyrir mælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í apótekunum í Hveragerði og á Hellu í viðunandi horf innan tilskilins frests.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrir mæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda



viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum.

Um verðmerkingar á vörum segir í 3. gr. verðmerkingareglanna:

„Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þó heimilt að veita sömu upplýsingar nálægt vöru enda sé augljóst til hvaða vöru verðmerkingin vísar og tryggt sé að neytendur fái án vandkvæða aðgang að upplýsingum um sölu- og einingarverð sem skylt er að veita samkvæmt reglum þessum, sbr. 4. gr.

Skylda til að verðmerkja með sölu- og einingarverði gildir einnig hvar sem vörur eru til sýnis svo sem í búðargluggum, sýningarkössum, á vefsíðum eða annars staðar. Sé söluverðs getið í auglýsingum þarf einnig að tiltaka einingarverð.“

Samkvæmt framangreindum ákvæðum ber Lyfjum og heilsu að verðmerkja allar söluvörur sínar með endanlegu verði og skulu þær vera réttar.

Í máli þessu voru niðurstöður síðari skoðana í apótekum Lyfja og heilsu, þær að ástandi verðmerkinga var enn ábótavant eins og að ofan greinir enda töluvert um óverðmerktar vörur í apótekinum. Slíkt telur Neytendastofa óviðunandi og brjóta gegn framangreindum ákvæðum laga nr. 57/2005 og verðmerkingareglna. Eftir fyrri skoðun Neytendastofu var þeim fyrirmælum beint til Lyfja og heilsu að koma verðmerkingum í apótekinum í viðunandi horf. Það var ekki gert og því telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðun Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]

c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“

Með vísan til framangreinds og að teknu tilliti til umfangs brotsins og jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga, sem og með hliðsjón af sektarfjárhæðum í öðrum málum telur Neytendastofa rétt að leggja á Lyf og heilsu hf., stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. fyrir hvort apótek. Lyfjum og heilsu er því að gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð



100.000 kr. (eitthundraðþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

III.

Ákvörðunarorð:

„Lyf og heilsa hf., Síðumúla 20, Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vöru, með óviðunandi verðmerkingum í apótekum Apótekarans á Hellu og í Hveragerði. Þá hefur fyrirtækið ekki farið að fyrirætlum Neytendastofu þess efnis að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Lyf og heilsu hf. að fjárhæð kr. 100.000 (eitthundraðþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

Neytendastofa, 26. október 2015

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir